



Hafnarfjörður

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
b.t. Árna Rúnars Þorvaldssonar, formaður
Strandgata 8-10

Hafnarfjörður 11. september 2026
Málsnúmer 2602450

Efni: Fjárhagsáætlun 2027 - málum vísað til gerðrar fjárhagsáætlunar

Á fundi fjölskylduráðs þann 1. september sl. var farið yfir fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2027 og 2028-2030. Fjölskylduráð óskaði eftir yfirliti yfir þau mál sem ráðið hefði vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2027.

Eftirfarandi málum hefur verið vísað til gerðrar fjárhagsáætlunar það sem af er ári.

Fjölskylduráð - málum vísað til fjárhagsáætlunar 2027			
Heiti	Málsnúmer	Dags.	Bókun
Samstarf um heilsueflingu 65	2410529	17.feb.26	Fjölskylduráð samþykkir stækkun á samningi við Hress heilsueflingu fyrir 65 ára og eldri úr 50 í 100. Verkefnið verði svo endurmetið eftir eitt ár.
Þjónusta við eldra fólk í Hafnarfirði	2304615	17.mar	Meirihluti fjölskylduráðs leggur til að bætt verði við vakt í kvöld-og helgarþjónustu í heimaþjónustu í Hafnarfirði. Sviðsstjóra falið að skoða möguleika á tilfærslum innan liða hjá sviðinu vegna kostnaðar á auknu stöðugildum fyrir 1.maí, ef ekki er möguleiki á tilfærslum verði gerður viðauki. Fjölskylduráð samþykkir framlagða tillögu.
Janus heilsuefling - samningur	2404013	28.apr.26	Fjölskylduráð samþykkir að framlengja samning við Janus heilsueflingu út árið líkt og gert hefur verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun og vísar málinu til fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027.
Specialisterne (Sérfræðingarnir) - beiðni um endurnýjun á samningi	2608095	18.ágú	Fjölskylduráð samþykkir endurnýjun á samningi út árið og felur sviðsstjóra undirbúa gerð nýs samnings og vísar þeirri vinnu til gerð fjárhagsáætlunar.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs